

12. gr.

Stundatöflu skal semja á hverju ári og leggja undir samþykki skólanefndar, og skal leggja sérstaka áherzlu á þær greinar sem lögboðnar eru, og sérstaklega hagnýtar (sbr. námsskrá).

18

12. febr.

13. gr.

Um árspróf og fullnaðarpróf fer eftir því, sem segir í reglugerð um barna-
próf.

14. gr.

Verði ágreiningur út af ákvæðum reglugerðar þessarar skal skjóta honum undir úrskurð fræðslumálastjórnarinnar.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 40 frá 15. júní 1926, um fræðslu barna, staðfestist hér með framanrituð reglugerð til að öðlast gildi strax.

Í kennslumálaráðuneytinu, 12. febrúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Gíssur Bergsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík, frá 30. maí 1920.

19

16. febr.

1. gr.

Vörugjald af fiskmjöli skal vera 2 kr. af hverri smálest frá 1. janúar 1934 til 1. janúar 1935 að telja, og síðan framvegis unz breyting verður á þessu gerð með að minnsta kosti 6 mánaða fyrirvara.

2. gr.

Frá 1. janúar 1934 til 1. janúar 1935 að telja, og síðan framvegis unz breyting verður á þessu gerð, með að minnsta kosti 6 mánaða fyrirvara, skal veita öllum fiskiskipum, sem skrásett eru í Reykjavík eða gerð út þaðan, 50% afslátt af öllum lestagjöldum, vita- og sæmerkjagjöldum, bryggjugjöldum og hafnsögu-
gjöldum til Reykjavíkurhafnar.

Á sama tímabili skal veita 50% afslátt af vörugjaldi af útfluttum þurrum saltfiski.

3. gr.

d liður 17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem

19 fluttar eru úr landi og ennfremur salt og is, sem flutt er úr landi í íslensk fiski-
16. febr. skip til eigin afnota.

Með reglugerð þessari eru úr gildi felldar reglugerðir, um breyting á reglu-
gerð um hafnargjöld í Reykjavík frá 26. febrúar 1932 og frá 18. marz 1933.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt,
staðfestist hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. febrúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

20

22. febr.

SAMÞYKKT

fyrir Fiskiræktar- og veiðifélagið Blanda.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktar- og veiðifélagið Blanda. Heimili þess og varnar-
þing er í Bólstaðarhlíð.

2. gr.

Félagssvæðið eru þessar jarðir: Þröm, Eldjárnsstaðir, Eiðsstaðir, Guð-
laugsstaðir, Höllustaðir, Syðri-Löngumýri, Ytri-Löngumýri, Tungunes, Kára-
staðir, Ásar, Hamar, Gunnfriðarstaðir, Kagaðarhóll, Smyrlaberg, Kaldakinn,
Hnjúkar, Blönduós, Enni, Breiðavað, Björnólfsstaðir, Yztagil, Miðgil, Engihlíð,
Glaumbær, Fremstagil, Geitaskarð, Holtastaðir með kotinu, Hvammur, Mó-
berg, Strjúgsstaðir, Gunnsteinsstaðir með Hólabæ, Auðólfsstaðir, Æsustaðir,
Gautsdalur, Mörk, Hvammur, Mjóidalur, Þverárdalur, Kálfárdalur, Bólstaðar-
hlíð, Botnastaðir, Gil, Fjósar, Skeggstaðir, Brattahlíð, Brún, Eiríksstaðir, Torfu-
staðir, Barkarstaðir, Bergsstaðir, Leifsstaðir með Steinárgerði, Steiná, Hóll,
Skottastaðir, Hvammur, Kúfustaðir, Stafn, Fossar, Rugludalur, Bollastaðir, Ey-
vindarstaðir, Austurhlíð, Brandsstaðir, Blöndudalshólar, Syðra-Tungukot,
Finnstunga, Ytra-Tungukot.

3. gr.

Verkefni félagsins er:

- a. að koma á og auka lax- og göngusilungs-veiði í Blöndu og ám, sem í hana
falla, svo sem með aðflutningi seiða, klaki, friðun, eyðing sels og annars
veiðivargs, ennfremur með því að laga farveg til að greiða fyrir fiskaför.
- b. að reka alla lax- og göngusilungsveiði í fiskihverfinu, og er því öllum,
sem veiðirétt eiga þar, óheimilt að stunda slíka veiði; þó má veiðifélagið
selja á leigu stangaveiði og annan veiðirétt í fiskihverfinu.